

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannsókn- og nýsköpunarsjóð Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Nafn sjóðsins, stofnendur og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Rannsókn- og nýsköpunarsjóður Vestur-Barðastrandarsýslu. Heimili hans og varnarþing er á Patreksfirði.
- 1.2. Stofnendur sjóðsins eru sveitarfélögin Vesturbyggð, kt. 510694-2369 og Tálknafjarðarhreppur, kt. 640269-6779.

2. gr.

Hlutverk.

- 2.1. Hlutverk Rannsókn- og nýsköpunarsjóðs Vestur-Barðastrandarsýslu er að fjölga atvinnutækifærum með því að efla rannsóknir og nýsköpunarstarf fyrirtækja, einstaklinga og stofnana sem hafa aðsetur eða lögheimili í Vestur-Barðastrandarsýslu.
- 2.2. Áherslu skal leggja á verkefni sem tengjast nýtingu staðbundinna náttúruauðlinda, s.s. fiskeldi, ræktun skeldýra og ferðaþjónustu sem byggir á náttúru og menningu svæðisins.
- 2.3. Sjóðurinn tekur að sér að úthluta fjárframlagi ríkisins, sem veitt var til mótvægisáðgerða vegna niðurskurðar þorskaflaheimilda til verkefnisins „Rannsóknir vegna eldis sjávardýra“. Framlagi ríkisins vegna þessa verkefnis skal sjóðurinn úthluta á árinu 2008 og 2009.

3. gr.

Stjórn og úthlutunarnefnd.

- 3.1. Úthlutunarnefnd er skipuð fjórum einstaklingum og fjórum varamönnum og er úthlutunarnefnd jafnframt stjórn sjóðsins. Skipa skal varamenn fyrir hvern einstakan aðalmann í stjórn sjóðsins og skal varamaður taka sæti í forföllum aðalmanns.
- 3.2. Í úthlutunarnefndinni situr bæjarstjóri Vesturbyggðar, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps, einn fulltrúi atvinnulífs Vestur-Barðastrandarsýslu skipaður af stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, einn fulltrúi háskólasamfélagsins á Vestfjörðum skipaður af stjórn Háskólaseturs Vestfjarða.
- 3.3. Fulltrúi atvinnulífs og fulltrúi háskólasamfélags geta setið að hámarki fjögur ár samfelld í stjórn. Bæjarstjóri Vesturbyggðar og sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps skulu eiga sæti í stjórn meðan þeir gegna ofangreindum embættum fyrir sveitarfélögin.
- 3.4. Formaður nefndarinnar skal vera fulltrúi atvinnulífs í Vestur-Barðastrandarsýslu. Verði ágreiningur um afgreiðslu mála skal formaður hafa tvö atkvæði.
- 3.5. Ekki skulu greidd laun fyrir setu í úthlutunarnefndinni og stjórn sjóðsins.
- 3.6. Úthlutunarnefndin ákveður hverjir hljóta styrk úr sjóðnum í samræmi við 5. gr. og ræður atkvæði meirihluta nefndarmanna, sem mættir eru á fund.
- 3.7. Formaður skal boða til funda úthlutunarnefndarinnar með bréfi og/eða tölvupósti með a.m.k. fimm sólarhringa fyrirvara. Hann skal ákveða fundarstað og fundartíma. Fundir eru því aðeins lögmætir að löglega sé til þeirra boðað og að minnst þrjú aðal-/varanefndarmenn séu mættir. Fundarmönnum skal gefinn kostur á að taka þátt í fundi símleiðis og telst það lögmæt fundarseta.
- 3.8. Nefndin skal halda fundargerðabók og skulu fundargerðir undirritaðar af öllum fundarmönnum sem mættir eru á fund í lok fundar. Formaður skal skipa fundarritara.

4. gr.

Tekjur og umsýsla.

- 4.1. Stofnfé Rannsókn- og nýsköpunarsjóðs Vestur-Barðastrandarsýslu verður í upphafi kr. 732.000, sem er lagt til af ríkissjóði Íslands. Höfuðstóll er myndaður úr stofnfé og framlögum frá ríki, sveitarfélögum, fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum, sem nefnast bakhjarlar sjóðsins. Framlög bakhjarla eru í formi gjafa. Ekki er heimilt að rýra stofnfé sjóðsins að nafnvirði, kr. 732.000.
- 4.2. Tekjur sjóðsins eru ofangreind framlög bakhjarla og vaxtatekjur af framangreindum höfuðstól, eins og hann er á hverjum tíma.
- 4.3. Halda skal bókhald um fjárreiður sjóðsins í samræmi við lög, reglur og góða reiknings-skilavenju. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Stjórn skipar endurskoðanda. Stjórn getur samið við stofnanir eða fyrirtæki um að annast reikningshald.
- 4.4. Formaður úthlutunarnefndarinnar skal sjá til þess að eigi síðar en 30. júní ár hvert fái Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Reikningstímabil fyrsta árs er frá því sjóðurinn er stofnaður til ársloka 2008.
- 4.5. Viðskiptabanki, sem úthlutunarnefndin kýs, skal annast ávöxtun höfuðstóls, sem skal ávallt vera vistaður á reikning sem ber hæstu mögulega vexti og vera verðtryggður.
- 4.6. Verði ákveðið að leggja sjóðinn niður skal höfuðstóll sjóðsins, eins og hann er á þeim tíma, renna óskipt til SKOR Þekkingarseturs á Patreksfirði eða eftirrennara þess.

5. gr.

Styrkveitingar.

- 5.1. Úthlutun styrkja úr sjóðnum skal fara fram tvisvar á ári. Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum með minnst sex vikna fyrirvara á vefsíðum Vesturbyggðar og Tálkna-fjarðarhrepps.
- 5.2. Að öðru leyti er árleg fjárhæð til styrkveitinga og til reksturs sjóðsins ákvörðun sjóðstjórnar hverju sinni.
- 5.3. Heimilt er að styrkja stofnkostnað á búnaði og tækjum vegna þróunarstarfa og nýsköpunar.
- 5.4. Styrkupphæð getur aldrei orðið hærri en 50% af heildarkostnaði verkefna.
- 5.5. Úthlutunarnefndin setur sér nánari reglur um úthlutun, sem hún skal vinna eftir. Reglur þessar skulu birtar hverju sinni á vefsíðu eða með öðrum aðgengilegum hætti sem úthlutunarnefndin ákveður.
- 5.6. Úthlutunarnefndin skal afgreiða allar umsóknir með skriflegu svari innan 10 vikna frá auglýstum umsóknarfresti.

6. gr.

Breytingar á samþykktum sjóðsins.

- 6.1. Breytingar á samþykktum þessum getur úthlutunarnefndin gert með samþykki allra aðal-nefndarmanna og með samþykki sýslumannsins á Sauðárkróki.

7. gr.

Staðfesting.

7.1. Í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skal leita staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 18. desember 2008.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.